

Miðvikudaginn 27. september 1939.

Nr. 48/1939. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Sigurði Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Sigurður Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Eggerts Claessen og Lárusar Jóhannessonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. apríl 1939.

Ár 1939, mánudaginn 24. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni í forföllum lögreglustjóra af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, upp-

kveðinn dómur í málinu nr. 699/1939: Valdstjórnin gegn Sigurði Jónssyni, sem tekið var til dóms 22. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Jónssyni, bifreiðarstjóra, Hringbraut 74 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1927 $\frac{2}{3}$ Kærður fyrir bifreiðaárekstur. Málið sent dómara.

1930 $\frac{2}{3}$ Áminning fyrir brot á umferðarreglum.

1932 $\frac{6}{10}$ Áminning fyrir brot á reglum um próf bifreiðarstjóra.

1932 $\frac{15}{10}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1932 $\frac{7}{12}$ Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1933 $\frac{2}{10}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 500 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir brot gegn 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931 um notkun bifreiða og 20. gr., 11. gr. sbr. 32. og 13. gr. sbr. 27. gr. 2. tölulið áfengislaga nr. 64 1930.

1934 $\frac{19}{12}$ Sætt 5 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1935 $\frac{6}{10}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir að hafa of marga farþega í bifreið.

1936 $\frac{1}{3}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 $\frac{22}{12}$ Sætt 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1938 $\frac{24}{1}$ Áminning fyrir brot á umferðarreglum.

1938 $\frac{31}{4}$ Undir rannsókn fyrir meint áfengislaga- og bifreiðalagabrot. Sök sannaðist ekki.

Laugardaginn 25. f. m., kl. um 19,10, var lögreglunni gert aðvart um, að bifreiðarstjórnin á fólksflutningabifreiðinni R. 1224 væri ölvaður við akstur. Brátt náði lögreglan bifreið þessari, er var í akstri á götum bæjarins, og var kærður við stjórn hennar, en farþegar voru tveir, þeir Jón Jónsson, stud. theol., Leifsgötu 32 hér í bæ, og Þórður Guðni Guðmundsson, efnagerðarmaður, Skúlaskeiði 8 í Hafnarfirði. Var kærður brátt færður á Landsspítalann og úr honum tekið blóðsýnishorn, er við rannsókn reyndist 1,12% að áfengismagni.

Um kl. 2 þenna dag pantaði nefndur Jón bifreið frá Litlu-bílastöðinni hér í bænum til að aka með sig. Var kærður sendur til þess verks í bifreiðinni R. 1224. Óku þeir

fyrst nokkuð hér um bæinn, en lögðu síðan af stað til Hafnarfjarðar. Voru þeir þá báðir allsgáðir, en Jón hafði með sér fulla flösku af Sherry. Námu þeir staðar öðru hvoru á leiðinni og í fyrsta skipti, sem þeir námu staðar, tók Jón upp flöskuna. Kveðst kærður hafa drukkið úr flösku þessari tvo smásopa á leiðinni til Hafnarfjarðar, en hefir neitað að hafa neytt meira áfengis allan þenna dag. Hinsvegar skýrir Jón svo frá, að hann hafi boðið kærðum áfengið og haldið því að honum, og hafi hann neytt þess í hvert skipti með sér, og hefir hann borið, að þeir hafi lokið úr sherryflöskunni í félagi á leiðinni til Hafnarfjarðar og í Hafnarfirði. Þegar til Hafnarfjarðar kom, fóru þeir inn á veitingahúsið Hótel Björninn og keyptu þar kaffi. Hefir Jón játað að hafa þar helt áfengi út í kaffið hjá þeim báðum og drukkið kaffið þannig blandað. Kærður hefir neitað að hafa vitað um, að kaffið hafi verið blandað áfengi eða að hafa fundið af því áfengisbragð. Í þessu sambandi er upplýst, að kærður var drjúga stund fjarverandi frá borði þeirra, meðan Jón sat við það. Ekki hefir orðið upplýst, að veitingafólkið á Hótel Björninn hafi orðið vart við áfengisneyzlu þeirra inni á veitingastofunni, og gegn eindreginni neitun kærðs verður eigi talið sannað, að hann hafi sér afvitandi neytt áfengis inni í veitingahúsinu. Hefir nú Jón skýrt svo frá, að eftir að þeir fóru af veitingahúsinu, en áður þeir lögðu af stað til Reykjavíkur, hafi verið tekin upp í bifreiðinni full flaska af brennivíni og hafi þeir kærður drukkið strax nokkuð úr henni, en síðan hafi þeir fengið tvær flöskur af sítron hjá gestgjafanum á Hótel Björninn og blandað því saman við það, sem eftir var af brennivíninu í flöskunni. Hefir gestgjafinn staðfest, að þeir hafi fengið sítrónflöskur þessar. Þegar þeir voru að leggja af stað til Reykjavíkur, varð Þórður Guðni Guðmundsson á vegi þeirra á Hafnarfjarðargötum, og bauð Jón, sem þekkir hann nokkuð, honum að vera með í bifreiðinni til Reykjavíkur, og þáði hann það. Hefir Þórður Guðni borið, að á leiðinni til Reykjavíkur hafi fyrst verið drukkin brennivins- og sítrónblanda úr whiskypela, en þegar úr honum var búið, hafi verið tekin upp full brennivínsflaska með sömu blöndu. Kærður hefir hinsvegar neitað því að hafa orðið þess var í allri ferðinni, að um blöndun sítrons út í brennivín væri að ræða, en skýrir svo frá, að hann hafi afhent Jóni óátekna

brennivinsflösku á leiðinni frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, sem þeir Jón og Þórður Guðni hafi drukkið úr á leiðinni. Á leiðinni var numið staðar minnsta kosti tvisvar, og hafa þeir Jón og Þórður Guðni borið, að bæði þeir sjálfir og kærður hafi þá drukkið úr brennivinsflöskunni. Hefir Þórður Guðni, sem, að því er virðist, var allsgáður í ferð þessari, borið, að kærður hafi drukkið þrisvar eða fjórum sinnum úr flöskunni á þessari leið. Eftir að til Reykjavíkur kom, neyttu þeir ekki áfengis. Þegar til Reykjavíkur kom, óku þeir inn Hverfisgötu, og fór kærður þar inn í verzlunina Lúllabúð og keypti þar vindlinga, en ók síðan áfram. Þegar hann var nýfarinn úr búðinni, kom þangað lögregluþjónn, og sagði þá stúlka, sem var í búðinni, Anna Þorgeirsdóttir, honum frá, að kærður væri að aka bifreið drukkin. Gerði lögregluþjónninn þegar aðvart á lögrelustöðina, og fóru lögregluþjónarnir þegar að athuga þetta og náðu þá kærðum í bifreiðinni, eins og áður segir.

Eins og áður segir, er það játað af kærðum, að hann hafi drukkið tvo smásopa af sherry á leiðinni frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, meðan numið var staðar. Þó að hann hafi einungis drukkið, meðan numið var staðar, verður að telja, að hann hafi neytt áfengis „við bifreiðarakstur“ í skilningi 5. gr. 3. mgr. bifreiðalaganna. Enginn vafi verður á því talinn, að kærður hafi neytt mun meira áfengis í ferðinni en hann hefir við kannast. Sannast það á framburðum þeirra Jóns og Þórðar Guðna um áfengisneyzlu kærðs, bæði að því er snertir sherry og brennivín, ástandi kærðs og því, að í blóði hans var áfengismagn 1,12% þegar eftir aksturinn. Bæði Jón og Þórður Guðni hafa borið, að þeim hafi virzt kærður vera undir áhrifum áfengis síðast í ferðinni, og réðu þeir það sérstaklega af mæli hans, og Þórður Guðni einnig af útliti hans. Vitnin Anna Þorgeirsdóttir og Lúðvik Thorberg Þorgeirsson, sem sáu og heyrðu kærðan inni í Lúllabúð, hafa borið, að þeim hafi virzt hann vera töluvert undir áhrifum áfengis. Hefir Anna skýrt svo frá, að hann hafi reikað í gangi, andlit hans hafi verið þesslegt útlits og mæli hans hafi borið þess ljósan vott. Þá hefir hún skýrt frá því, að kærður hafi mælt til sin um leið og hann fór út úr búðinni þessi orð: „Nú kjaftar hún vist frá því, að ég er fullur.“ Lúðvik hefir borið, að kærð-

ur hafi sagt eitthvað á þá leið, þegar hann fór út úr búðinni, að Anna mundi skýra frá, að hann hefði komið svona inn, og taldi Lúðvík, að hann ætti með því við ölvunarástand sitt. Kærður hefir hinsvegar neitað að hafa sagt neitt í þessa átt, þegar hann fór út úr búðinni.

Þá hefir lögregluþjónn sá, er náði kærðum í akstrinum og færði hann á lögreglustöðina, þeir tveir lögregluþjónar, er færðu kærðan af lögreglustöðinni á Landsspítalann, og tveir lögregluþjónar, er sáu kærðan á lögreglustöðinni, borið, að kærður hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis. Ályktuðu þeir það af mæli kærðs og útliti andlits og augna.

Kærður hefir hinsvegar eindregið neitað því undir öllum rekstri málanna, að hann hafi fundið á sér áhrif áfengis. Hefir hann sérstaklega tekið fram undir rannsókninni, að hann þoli mjög lítið áfengi, þannig að hann verði fljótt drukkinn við áfengisneyzlu.

Eins og atvikum hefir verið lýst, verður að telja fullsannað, þrátt fyrir neitun kærðs, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, og hefir hann með því gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber að svipta hann æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-arlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00. Eins og réttarprófin bera með sér, hefir áfengislagabrot Jóns Jónssonar verið afgreitt með sáttargerð.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Sigurður Jónsson, sæti 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stýra bifreið. Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leið-

andi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hins, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 50.00.
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. september 1939.

Nr. 16/1939. **Ingibjörg Tómasdóttir**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Grími Gíslasyni (Eggert Claessen).

Ónýting útburðargerðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. febr. þ. á., hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði fógætaréttarúrskurður frá 12. des. f. á. og útburðargerð framkvæmd 12. jan. þ. á. verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu stefnda er krafizt staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fallast má á þá ályktun fógætaréttarins, að eigi séu sönnur að því leiddar í máli þessu, að áfrýjanda hafi verið sagt upp umræddu húsnæði með nægum fyrirvara til brottflutnings úr því 1. okt. f. á. Og kemur þá til álita, hvort áfrýjandi hafi fyrirgert leiguréttinum með drætti á greiðslu húsaleigunnar.

Eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða úrskurði, verður að telja, að áfrýjanda hafi borið að greiða húsaleiguna mánaðarlega eftirá. Um mánaðamótin ágúst—september 1938 eignaðist stefndi húsið. Í septembermánuði fór áfrýjandi í ferð til Reykjavíkur, og er ekki sannað gegn mótmælum hennar, að henni